

MÁLASAFN

654

Sögpurrrátturathugasemir
2/117 - 1952-53

SÖG PURRKUNARATHUGANIR

Hlið 1952 og 1953

(Gögn frá Sögpurrrátturathugasemir)

ORKUSTOFNUN
MÁLASAFN
654

Other Ton-Print

billu
2

Super-Clip
Sunshine-Clip

PRODUCTS FOR OFFICE AND HOME

Undirbúningur Súgurrkunartilrauna að Hlíð 1952

Grindagólf var sett í hlöðuna út frá aðalstokknum, sem lagður var við austurhlíðina. Fjarlægð grindna frá veggjum var 150 cm og meðfram aðalstokknum voru grindurnar þaktar þar til 150 cm frá vegg með pokum, nema undir baggagatinu.

Grindagólflið var í tveim stöllum, hæst næst stökk.

Blásarahús varð að staðsetjast við austurvegg, en af því leiddi að blásarinn blés þvert á stökkinn. Loftstraumurinn þarf þar af leiðandi að beygja 90° með nokkru þrýstitapi, en reynt var að minnka það með tveim stýriskóflum í beygjunni.

Aðalstokkurinn var klæddur tjörupappa að innan til þéttingar.

Lítið úrval var af blásurum, en að lokum var ákveðið að notast við miðflöttaflsblásara með S-beygðum blöðum, einfaldan og án stýriskóflna í innsogsopi.

Selgjandi blásarans hefur smíðað allmikið af blásurum fyrir súgurrkun í tveim stærðum, stærð 5 og 6.

Stærð 5:	Hjól 30"	Tvöfaldur,	S-beygð	blöð,	án	stýrisskóflna
Stærð 6:	" 36 $\frac{1}{2}$ "	"	"	"	"	"

Blásarar þessir voru nákvæmar eftirmyndir blásara frá viðurkenndri erlendri verksmiðju, að því undanskildu að stýrisskóflunum var sleppt. Samkvæmt upplýsingum erlendu verksmiðjunnar áttu blásarar án stýrisskóflna að þurfa ca 10% meira afl til þess að skila sama loftmagni og þrýsting og blásarar með stýrisskóflum.

Fyrir hendi voru nákvæmar töflur yfir afkastagetu hinna erlendu blásara, með stýrisskóflum, og voru þar hafðar til hliðsjónar við vel blásarans.

Ákvörðun loftmagns:

Samkvæmt mælingum sumarsins 1951 þótti sýnt að krafa um meðal lofthraða sem nærri 8 fetum/mín væri fyrir ofan það sem tíðkaðist

nú í íslenskum hlöðum og gefist vel, ef allt annað væri í lagi.

Átlunin var að reyna að halda þessum meðalhraða, sem mest af blásturstímanum, en máske nokkru meiri hraða í byrjun.

Flatarmál hlöðunnar er $52,6 \text{ m}^2 = 565 \text{ fer.fet.}$

Loftmagn með 8 fet/mín meðalhraða: $8 \times 565 = 4500 \text{ CFM}$

Samkvæmt mælingum sumarsins 1951 þótti líklegt að 2 1/4" statískan þrýsting þyrfti undir heystflöð til að koma þessu loftmagni í gegnum þeyið þegar fullri stöðbehæð væri náð.

3 hö rafhreyfill var keyptur sem aflvél og varð því að takmarka álag blásarans við það.

3 hö svara til $3 \times 0,736 = 2,21 \text{ kw}$, en ef finna á hve mikið afl melist á kvst-mælir, verður að taka tillit til tapa í reimum og mótör, sem áætla má 5% og 15% hvort um sig.

Aflþörf við fullt álag verður því: $\frac{2,21}{0,95 \cdot 0,85} = \underline{2,74 \text{ kw}}$

Samkvæmt töflum erlendu verksmiðjunnar ^{x)} yfir eiginleika blásarans er hann ekki ætlaður fyrir fyrrnefnd afköst og minnsta loftmagn við 2 1/4" statískan þrýsting er 6695 CFM við 845 sn/mín og 3,24 hp ^{xx)} = 3,29 hö sökum vöntunar á stýrisskóflum $3,29 \times 1,1 = \underline{3,62 \text{ hö.}}$

Þetta er ölmiklu of mikil aflþörf og var því snúningshraði blásarans lækkaður niður í 825 sn/mín. og var það gert samkvæmt agizkun. Skífa blásarans var höfð tvöföld og skyldi hann snúningshraðinn vera 725 sn/mín, ef hægt væri að nota hann þegar lítið væri í hlöðunni.

x) Buffalo Forge Co. Bulletin 3339

xx) $1 \text{ hp} = \frac{1}{0,986} \text{ hö} = 1,015 \text{ hö.}$

Mælingar að Hlíð sumarið 1952Frækvæmd mælinganna.a. Loftmagn:

Meðal-lofthraðinn V_m (m/sek) var mældur með anemometer af svissneskri gerð frá verksmiðjunni Hänni.

Mælingarnar fóru þannig fram, að lofthraðinn var mældur í dyrum blásarahússins með því að hreyfa mælinn fram og aftur í dyrum blásarahússins þannig að farið var 4 sinnum yfir allt flatarmál þeirra F (m^2). Aflesturinn af lofthraðamælinum sýndi metra og með stoppúri var mælitíminn t (sek) mældur.

Meðal-lofthraðinn í dyrunum var því:

$$V_m = \frac{\text{aflestur lofthraðamælis í m}}{\text{Mælitími í sek.}} = \text{lofthraði m/sek.}$$

$$\text{Loftmagn} q = F (m^2) \times V_m (m/sek) = q m^3 \text{ sek.}$$

Loftmagn í cubikfetum á mínútu (CFM) er þá =

$$q \times 60 \times 35,3 = 2120 \times q \text{ CFM}$$

Nákvæmni þessa tækis mun liggja nærri 5% þegar það er í fullkomnu lagi, en getur hæglega farið niður í 20-20% við óhagstæðar aðstæður (svo sem mikinn hraðamun í þversniðinu) og mótstöðu í legum x). Ekki er gert ráð fyrir neinum kontraktionsstuðli fyrir dyrnar og því reiknað með öllu flatarmálinu.

b. Aflþörf:

Ekki var hægt að mæla aflþörf blásarans beint, heldur varð að mæla kw, sem kwat-mælirinn sýndi. Mælingin var frækvæmd þannig:

x) F.R. bls 102.

að mældur var tíminn, sem það tók málinn að snúast 20 snúninga og síðan stuðst við stuðulinn, sem gefinn er upp á mælinum. Í þessu tilfalli þurfti kwst-malirinn að snúast 600 snúninga í hvert skipti sem hann mældi 1 kwst.

Álagið fannst því þannig:

$$kw = \frac{\text{Taldir snúningar} \times 3600}{\text{Mælistuðull} \times \text{Mælitími}} = \frac{20 \times 3600}{600 \times \text{Mælitími}} = \frac{120}{\text{Mælitími í sek}}$$

c. Snúningshraði blásara:

Meltingin fór fram með svissneskum snúningshraðamáli, gerð Hánni, sem kom nokkru eftir að mælingar hófust. Mælirinn sýndi snúninga/mínútu, án umreiknings.

d. Loftþrýstingur:

Lögð voru 1/4" koparrör úr blásarahúsinu inn undir heystálið og síðan var U-rör með vatni sett í samband við rörið í blásarahúsinu og mált hve loftþrýstingurinn gat lyft hárrí vatnssálu, mældri í mm. Á þennan hátt var aðeins mældur statíski þrýstingurinn undir heystálinu en ekki totali - þrýstingurinn, sem blásarinn vann á móti.

$$P_s = mm \text{ VS} \approx kg/m^2$$

Niðurstöður mælinganna:

Á línuriti IX eru sýndar niðurstöður allra mælinga í hléðunni að Hlið sumarið 1952.

Absissan sýnir loftmagnið, sem mált var í CFM, en ordinatinn sýnir statíska loftþrýstinginn ps mm VS undir heystálinu.

Málingsdagarnir eru tölusettir frá 1 uppí 11.

Af þessu línuriti sest, að aðeins einusinni er blásið meiru loftmagni en 4500 CFM í gegnum heyið, en það var á málidag nr. 3, (29. júlí), þegar stabbahæðin var 4 m af lítt signu heyi. Þetta loftmagn var þó aðeins á meðan malingin fór fram og var loftmagnið 2710 CFM þegar frá var horfið (sjá skýrslu um malinguna 29/7).

Sé dregin lína milli málipunktanna (dag 3.) fæst mótstöðulína súgurrkunarkerfisins eins og hún var þennan dag (29. júlí) og þá sest að ca 34,5 mm VS statískan þrýsting hefði þurft til þess að koma 4500 CFM í gegnum heyið. Þann 16. ágúst, sem var 7. málidagur, voru mældir nokkrir punktar með því að breyta snúningshraða blásarans (sjá skýrslu um malingar 16. ágúst). Ur þessum malingum fást 5 punktar á sömu mótstöðulínu og er því enn þruggara að draga hana heldur en línuna frá málidegi 3. Línurnar virðast báðar hallast kringum 45° við lárétta línu eftir að komið er upp fyrir ákveðið loftmagn, en þar sem hvor um sig hlýtur að liggja í gegnum 0-punktinn hallast þar meira ef loftmagnið er lítið.

Mikilvægi þessara mótstöðulína liggur í því, að nauðsynlegt er að geta fundið hvaða þrýsting (ps) hefði þurft til þess að koma hinu æskilega loftmagni í gegnum heyið (í þessu tilfalli 4500 CFM).

Þann 16. ágúst hefði þurft 44,5 mm VS þrýsting til þess að koma 4500 CFM í gegnum það, samkvæmt framlengingu hinnar mældu mótstöðulínu.

Áður en lengra er haldið, mun vera best að athuga þau lögmál, sem mótstaðan gegn loftstreymi í stökkum og heystáli byggist á. Best mun að endursegja hér kafla úr bókinni "Fan Engineering 5. útg. 1949, gefin út af Buffalo Forge Co. Buffalo N.Y. bls. 114".

Þrýstingur er nauðsynlegur til þess að yfirvinna mótstöðuna gegn streymi lofts í kerfi og viðhalda einhverjum ákveðnum lofthraða.

Mótstöðunni má í aðalatriðum skipta í högg-töpp og núningsstöpp.

Höggstöpp stafa aðallega frá því að stefnu loftstraumsins er breytt

Þannig að snögrer lofthraðabreytingar eiga sér stað og hvirflamyndanir. Höggþöp breytast að verulegu leyti samkvæmt lofthraðanum í öðru veldi og eru því oftast gefin upp sem procentur af hraðaprýstingnum eða vatnssúluhæðinni. Loftþrýstingur er oft mældur í vatnssúluhæð, en í raun og veru er þrýstingur loftans það mikill, að hann geti lyft vatnssúlu í einhverja ákveðna hæð.

Núningstöp stafa af núningi milli veggja loftganganna og loftans, sem streymir fram hjá þeim. Sökum seigju loftans er hraði þess hluta loftans, sem er næst veggjunum minni en þess hlutans, sem er næst miðju ganganna. Hreyfing loftans næst veggjunum er seig eða lagkennd (straumlínukennd) og mótstaðan, sem verkar á hvert loftlag þegar það rennur á öðru loftlagi, breytist í hlutfalli við fyrsta veldi af lofthraðanum. Lofthreyfingin næst miðju loftganganna er venjulega hvirfilhreyfing og um það er oftast að ræða í raunverulegum kerfum. Mótstaðan á þessu svæði breytist að mestu leyti með öðru veldi lofthraðans. Ef mótstaðan væri lögð saman yfir allt þversnið ganganna myndi þást heildarmótstaðan og hún myndi breytast með lofthraðanum í einhverju veldi milli 1 og 2.

Undir vissum kringumstæðum svo sem ef um mjög lítinn lofthraða er að ræða, eða að flatarmál þeirra flata, sem loftið snertir, er mjög mikið í hlutfalli við loftmagnið, þá mun seigja loftans hafa mjög mikil áhrif á streymið. Undir þessum kringumstæðum getur streymið orðið mjög jafnt og án hvirfla og nálgast þær aðstaður að mótstaðan sé í beinu hlutfalli við fyrsta veldi af lofthraðanum. Tilraunir með þurrar síur (t.d. úr fílta) þar sem lofthraðinn var allt upp í 50 fet/mín, sýndu að töpin voru beinær línu fall af lofthraðanum".

Ef þessi lögmál eru höfð í huga, þegar mælingarnar frá 29/7 og 16/8 (sjá línurit IX) eru athugaðar, sést að mótstaðan í heyinu verður yfirgnafandi, borið saman við mótstöðuna í stokknum strax og loftmagnið er orðið ca 2500 CFM og því verða mótstöðulínurnar beinnar línu fall af loftmagninu, eða meðallofthraðanum, sem fundinn er með því að deila loftmagninu í CFM með flatarmála hlöðunnar í ferfetum.

Samkvæmt þessu erumótstöðulínur fyrir aðra mælidaga dregnar út fyrir 4500 CFM línuna. Á þennan hátt eru fundin þau skilyrði, sem blásarinn hefði þurft að vinna við í þessari hlöðu sumarið 1952. Þessi skilyrði geta breytt frá ári til árs og eru háð ýmsum atvikum, svo sem hlutfalli milli heygerða (töðu af gömlu túni, nýrækt og út-heyi), og þurrkunarmöguleikum úti á túninu.

Samburður á mótstöðulínunum sumarið 1952 og starfslínum blásarans með 30" hjólinu, samkvæmt töflum verksmíðjunnar. Sjá línuriti XI - XII - XIII.

Allar mótstöðulínur súgþurrkunarkerfisins liggja í gegnum O-punkt línuritsins ($CFM = 0$, þá er $Ps = 0$) og þess vegna er það augljóst, að þær hljóta að skera starfslínur blásarans einhvergstæðar. Með öðrum orðum er það mögulegt fræðilega, að velja blásara af einhverri ákveðinni gerð, og láta hann skila hvaða loftmagn sem er, gegn hvaða statiska þrýsting sem vera skal, svo framfarlega sem engin takmörk eru sett um stærð og snúningshraða blásarans, og ef ekkert tillit er tekið til hinnar raunverulegu nýtni hans og aflþarfar.

Það er nauðsynlegt að hafa blásara af mörgum stærðum, ef hægt á að vera að velja blásara fyrir sérhvert loftmagn og þrýsting, við þau starfsskilyrði, sem gefa háa nýtni og stöðuga vinnslu.

Á línuriti XI eru sýndar starfslínur blásarans við tvo snúningshraða, samkvæmt töflum verksmíðjunnar og með því að framleggja línurnar niður í $Ps = 0$ fast loftmagnið við frjálst útstreymi.

V A L Í B L Á S A R A

Allar mótstöðulínur Súgpurrkunarkerfisins liggja í gegnum O-punkt línurits XII ($CFM = 0$ þá er $Ps = 0$) og þess vegna er það augljóst, að þar hljóta að skera starfslínur hvaða blásara sem not-
aður væri, einhversstaðar.

Með öðrum orðum, er það mögulegt fræðilega að velja blásara af einhverri ákveðinni gerð, og láta hann skila hvaða loftmagni sem er, gegn hvaða statiska þrýsting sem vera skal, svo framarlega sem engin takmörk eru sett um stærð og snúningshraða blásarans, og ef ekkert tillit er tekið til hinnar raunverulegu nýtni hans, aflþarfar og engin krafa er gerð um að loftmagnið breytist lítið þótt mótstaða kerfisins aukist.

Í reyndinni er þó nauðsynlegt að hafa blásara af mörgum stærðum, ef hægt á að vera að velja blásara fyrir sérhvert loftmagn og þrýsting, við þau starfsskilyrði, sem gefa háa nýtni og stöðuga vinnslu við breytilegan mótþrýsting.

Tilraunin að Hlíð var framkvæmd með blásara, sem tilheyrir ákveðnum flokki af blásurum, svo nefndum "miðflótttaafisblásurum með afturbeygðum S-laga blöðum". Stærð blásaranna í þessum flokki er mjög mismunandi og er þvermál hjólsins notað til aðgreiningar á hinum ýmsu stærðum, en auk þess getur verið um blásara með einu eða tveimur innsogs-opi að ræða. Ef blásari er stækkaður á þann hátt að tvöfalda hjólið og setja tvö innsogsop í stað eins, breytast eiginleikar blásarans við ákveðinn snúningshraða, þannig:

Loftmagn - tvöfaldast

Aflþörf - "

Statiskur þrýstingur - helst óbreyttur

Eiginleikar starfslínanna fyrir þessa tegund af blásurum má finna af línuriti XIII og negir þá að þekkja eitt gildi af eftirfarandi stærðum fyrir ákveðinn snúningshraða og álag: Hestöfl, statískur þrýstingur og heildarnýtni.

Á línuritunum XII - XIV og XV eru sýndar mótstöðulínur heystálsins sumarið 1952 og hvernig þær skera starfslínur blásarans með 30" hjólinu, sem notaður var og hvernig þær myndu hafa skorið starfslínur blásara með 20" hjóli og blásara með 24½" hjóli.

I töflu I eru niðurstöður mælinganna og þær bornar saman við þær tölur, sem vænta mátti samkvæmt töflum frá verksmiðjunni, en í töflunum II og III er áætlað hvernig blásarar með 20" og 24½" hjólum hefðu unnið við sömu aðstæður.

Skal nú farið nokkru nánar út í línuritin XII - XIV og XV ásamt töflunum I - II og III.

STÆRD BLÁSARAHJÓLS 30", EINFALT:

Á línuriti XI eru sýndar starfslínur blásarans við snúningshraðana 715 og 673 snúningar/mínútu, samkvæmt töflum verksmiðjunnar og með því að framlengja línurnar niður í $P_s = 0$ fæst loftmagnið við frjálst útstreymi eða 100 % álag.

Starfslínurnar eru teiknaðar jafnlangt til vinstri og gefið er í töflunum fyrir þessa snúningshraða og ná þær ekki lengra en niður í ca 6500 CFM, sem svarar til ca 55 % loftmagns (eða álags).

Á línuriti XII eru starfslínurnar 715 og 673 sn/mín dregnar upp samkvæmt töflunum að merkjunum a og b en til vinstri við þau samkvæmt línuriti XIII.

Á línuriti XII eru einnig dregnar mótstöðulínur heystálsins og kemur þá í ljós að þær skera starfslínur blásarans fyrir utan það svæði, sem verksmiðjan gefur í töflunum og sýnir þar með að

blásarinn er all-miklu of stór fyrir þetta kerfi. Til samanburðar verða því starfslínur minni blásara, með 20" og 24½" hjólum lagðar yfir mótstöðulínurnar og athugað hvaða stærð virðist henta best.

Það leiðir af sjálfu sér að ef hægt er að fá lítinn blásara, sem gefur hið nauðsynlega loftmagn með góðri nýtni, þá er ekki valinn stór blásari, sem auk þess að vera dýrari, gefur verri nýtingu. Þetta er ástæðan fyrir því að verksmiðjan teygir töflurnar langt til hægri, en fer yfirleitt ekki lengra en niður í 50 % álag. Þó er þess að gæta að á ýmsum stöðum verður að takmarka snúningshraða blásaranna sökum hávaðans og akveður það þá hve langt er hægt að fara niður með stærð hjólsins og upp með snúningshraðann.

Í þessu tilfalli sést að álag blásarans hefur legið á milli ca 16 % til ca 30 %, en samkvæmt línuriti XIII setti nýtnin þá að vera 65 - 80 % af bestu nýtni.

Á línuriti XII eru sýndar 8 mótstöðulínur af 11, sem mældar voru, en þær 3 sem ekki eru sýndar, falla mjög nærri línur, sem sýndar eru.

Skulu nú einstakar mælingar og mótstöðulínur athugaðar til skýringar á línuriti XII og töflu I.

Mótstöðulína 1. 15. júlí. Stabbahæð 1.2 m:

Snúningshraði blásarans var 715 sn/mín. Þegar blásarinn var settur af stað, með minni reismálfuna á blásaranum í notkun, reyndist álagið allt of mikið og þar sem loftmagnsmæling tekur minnst 4-5 mínútur var ekki gerð tilraun til þess að mæla loftmagnið né aflþörfina. Eftir að hefja takmarkað loftmagnið og þar með álagið niður í það sem álitíð var hafa hreyflinum, mældist loftmagnið 3370 CFM, statiski þrýstingurinn undir heystálinu 7 mm VS og aflþörfin 2,36 kw. Sjá punkt g á línuriti XII.

Samkvæmt línurití XI er mesta loftmagn jafnt og 12. 450 CFM við 715 sn/mín og svara 3370 CFM því til:

$$\frac{3370}{12.450} \times 100 = 27\% \text{ álags}$$

Státiski þrýstingurinn Ps ætti að vera = 46 mm VS, og það sem á ventar er mótstaða í segldúk og stokkum, en það hefur numið

$$Ps \text{ (segi)} = 46 - 7 = 39 \text{ mm VS.}$$

Við athugun á aflþörfinni (Tafla I) sést að samkvæmt töflum verksmiðjunnar hefði aflþörfin átt að vera 1,68 kw eða 2,36 - 1,68 = 0,68 kw minni en mæld aflþörf. Umfram aflþörfin nemur 40,5 %, sem verður að teljast all-mikið, en getur stafað af ýmsum ástæðum.

- a. Töflur verksmiðjunnar eru fundnar við tilraunir, sem framkvæmdar eru við mjög askileg innsogsskilyrði í tilraunastofu, en frávik frá þessum ástæðum geta valdið verulega aukinni aflþörf. Í stað stýrisskóflna í innsoginu var hænšanet til öryggis og segldúkur til að minnka álagið.
- b. Bilið milli blásarahjóls og innsogstrektar var stærra en askilegt hefði verið fyrir blásara með S-beygðum blöðum. Samkvæmt M.H. x) bls. 1912 er ekki askilegt að bilið sé meira en 1/8" fyrir hjól, sem er 3 fet (36") í þvermál. Ef bilið er 1/2" eru afköstin verulega skert, og kemur það fram í meiri aflþörf.
- c. Afkastageta hreyfilsins hefur ekki verið mæld, en gert er ráð fyrir að hann skili 3 Hó með 85 % nýtni. Hugsanlegt væri að tópin væru meiri en 15 %.
- d. Hugsanlegt er að nokkur skekkja sé í loftmagnsákvörðuninni og að loftmagnið (álagið) mælist of lítið.

x) Mechanical Engineers Handbook by L.S. Marks, 5th edith.

Af línuriti XII sést að með nægjanlega stórum rafhreyfli, þannig að ekki hefði þurft að setja hindrun í kerfið, myndi jafnvægi hafa myndast í punktinum C, sem er skurðarpunktur starfslínu blásarans, við 715 sn/mín og mótstöðulínu x) súgþurrkunarkerfisins xx).

Þegar álag á súgþurrkunarrafhreyfla er takmarkað með spjöldum í aðalloftstökk, innsogsopi blásara eða í innsogsdyrum, skeður það eins og fyrr var á minnst með aukaloftmótstöðu í kerfinu, sem minnkar álagið og þar með aflþörfina. Þessi aðferð hefur þann galla, að aflþörf hreyfilsins verður allmiklu meiri, heldur en ef álagið væri takmarkað með breytingu á snúningshraða blásarans.

Hugsum okkur að snúningshraðinn væri minnkaður smátt og smátt, þá myndi skurðarpunkturinn C flytjast eftir mótstöðulínunni I til vinstri og félli t.d. við snúningshraðann n ofan í punktinn d, en hann svarar til þess loftmagns, sem óskað var eftir.

Ef um er að ræða ákveðinn blásara, þá breytist loftmagnið í beinu hlutfalli við snúningshraðann en þrýstingurinn eins og annað veldið af snúningshraðanum, en þetta samband er hægt að finna á reiknistökk eins og nú skal sagt:

Setjið sledann á 12,5 (mm) á kvaðratíska skalanum (A) á venjulegum reiknistökk og færið svo undir strikið 4500 (CFM) á fyrsta veldis skalanum (C). Færið síðan sledann þar til að loftmagn á skalanum C og þrýstingur á skalanum A svara til stærða á gefnu línunni 715, samkvæmt athugun. Í þessu tilfalli svarar það til punktans C (7490 CFM og 34,5 mm VS).

x) Áætlaðri samkvæmt fyrrnefndum lögmálum og málipunkti C.

xx) Loftmagnið 7490 CFM svarar til ca 13,5 fet/mín meðalhraða í heystálinu, og Ps = 35 mm Vs.

Snúningshraði blásarans þyrfti því að vera:

$$n = 715 \times \frac{4500}{7490} = \underline{430 \text{ sn/mín}}$$

Til prófunar má finna statiska þrýstinginn P_s :

$$P_s = 34,5 \times \frac{430^2}{715} = \underline{12,5 \text{ mm VS}}$$

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gera grein fyrir því, hvenær leyfilegt er að nota blásara lögmálin og er þá fyrst að gera grein fyrir hugtakinu, sem á ensku nefnist "point of rating" en mætti þýða á íslensku sem "álagspunkt".

Þegar talað er um álag blásara, er átt við hegðun hans við einhver ákveðin skilyrði, sem ákvarðast af eftirfarandi eiginleikum:

Stærð, snúningshraða, loftmagni, þrýsting og aflþörf.

Tveir blásarar úr sama flokki eru sagðir hafa sama álagspunkt, þegar þeir vinna á tilsvarendi stöðum (álagspunktum) á starfslínunum þeirra. Við starfrákslu á sama álagspunkti hafa þeir sömu nýtni, án tillits til þess hvort þeir eru af mismunandi stærðum eða hafa mismunandi snúningshraða.

Til dæmis getur blásara verið etlað álagið $q = 4500 \text{ CFM}$ gegn $P_1 = 1''\text{VS}$. statiskum þrýsting. Með sama snúningshraða verður tilsvarendi álagspunktur fyrir tvöfalt starrri blásara:

$$\text{Lögmál 1-a. } q_2 = q_1 \cdot \left(\frac{D_2}{D_1}\right)^3 = 4500 \times 2^3 = 36.000 \text{ CFM}$$

$$\text{Lögmál 1-b. } p_2 = P_1 \cdot \left(\frac{D_2}{D_1}\right)^2 = 1,0 \times 2^2 = 4''\text{VS}$$

Í þessu tilfalli er nýtni blásaranna jöfn, ef minni blásarinn skilar 4500 CFM gegn 1''VS þrýsting og starrri blásarinn 36.000 CFM gegn 4''VS þrýsting.

Þess ber vandlega að gæta, að notkun blásaralögmálanna er ekki eingöngu takmörkuð við blásara af sömu gerð, heldur einnig við sama álagspunkt á starfslínunum.

Mótstöðulína 3. 29. júlí. Stabbaheð 4 m.

Loftmagnsmælingar voru þrjár við ólík skilyrði eins og hér segir (sjá línurit XII og töflu I):

3a. Segldúkur var fyrir innsogi blásarans að miklu leyti og eins og við allar aðrar mælingar var aðeins hægt að mæla statiska þrýstinginn undir heystálinu, en ekki þrýstings fallið gegnum stokkinn og innsogsopið.

Loftmagnið mældist 2320 CFM og statiski þrýstingurinn undir heystálinu 15 mm VS. Álag blásarans var 18,7 % og sýnir starfslínan að þá setti blásarinn að gefa 47,2 mm VS þrýsting. Mismunurinn $47,2 - 15 = 32,2$ mm VS. hefur því stafað af mótstöðu í stokknum og segldúkunum í innsoginu.

Aflþörfin mældist 2,1 kw, en samkvæmt töflunni hefði hún átt að vera 1,47 kw. Umfram aflþörfin nemur því 0,63 kw eða 43 %.

3b. Segldúkurinn var tekinn úr innsogsopinu, þannig að engin óeðlileg hindrun var í kerfinu. Loftmagnið mældist 4870 CFM og statiski þrýstingurinn 38 mm VS.

Álag blásarans komst þannig upp í 39 % og starfslínan sýnir 43 mm VS statiskan þrýsting. Mismunurinn er hér kominn niður í 5 mm VS, sem verður að teljast sem mótstaða í loftstokk og innsogi ásamt mæliskekkju.

Aflþörfin mældist 3,1 kw, en samkvæmt töflunni hefði hún átt að vera 1,98 kw. Umfram aflþörfin 1,12 kw nemur því 56,5 %. Meðal lofthraði í heystálinu nemur hér 8,6 fet/mín og hefði rafhreyfillinn verið ca $3/4$ kw stærri, þá hefði hann getað haldið meiri lofthraða heldur en óskað var eftir eða 8 fet/mín.

3c. Þar sem álagið á rafhreyfilinn var of mikið án mótstöðu í kerfinu, var sett þil í þrýstistokkinn fyrir framan blásarann og loftmagnið minnkað þar til álagið hefði rafhreyflinum. Loftmagnið mældist þá 2710 CFM og statískri þrýstingurinn 17 mm VS. Álag blásarans var þannig 21,8 % þegar frá var horfið og aflþörfin 2,5 kw. Samkvæmt töflunni hefði aflþörfin átt að vera 1,55 kw. Umfram aflþörfin 0,95 kw nemur 61 %.

Mótstöðulína 7. 16. ágúst. Stabbahæð 4,3 m.

Gerðar voru ráðstafanir til þess að reyna afköst blásarans við fleiri snúningshraða og var blásarinn látinn snúast 535-578-673 sn/mín. og kom þá í ljós að bestu afköstin náðust með því að nota snúningshraðann 673 sn/mín. Við þann snúningshraða var ekki fullt álag á rafhreyflinum þótt allar hindranir væru teknar úr kerfinu (sjá töflu I).

Samkvæmt línuriti XII hefði 715 sn/mín. átt að gefa 4500 CFM ef afl rafhreyfilsins hefði leyft það þennan dag.

Snúningshraðinn 673 sn/mín. gefur mestan statískan þrýsting, 41,6 mm VS og þess vegna er ekki hægt að vonast eftir 4500 CFM afköstum með honum eftir 16. ágúst (sjá línurit XII). Jafnvel 715 sn/mín. hefðu ekki haldið 4500 CFM afköstum eftir 16. ágúst og loftmagnið hefði verið komið niður í ca 3900 CFM þann 21. ágúst.

Til þess að fá 4500 CFM afköst 21. ágúst hefði blásarinn þurft að snúast.

$$715 \times \frac{4500}{4070} = 791 \text{ sn/mín.}$$

STARD BLÁSARAHJÓLS 24½", EINFALT.

Inn á línurit XV eru dregnar mótstöðulínur sumarsins 1952 og yfir þær eru lagðar starfslínur blásarans.

Starfslínan við 990 sn/mín. sker allar mótstöðulínur sumarsins hægra megin við 4500 CFM-línuna og sýnir þannig, að með þeim snúningshraða hefði mátt vanta meiri meðallofthraða í heystálinu en 8 fet/mín. yfir allt þurrkunar tímabilið.

Af töflu II má sjá þá aflþörf, sem vanta mætti samkvæmt verksmiðju-töflum og er hún stærst 15. júlí eða 2,14 kw, en minnst 21. ágúst eða 1,83 kw. Samkvæmt mælingum sumarsins 1952 má gera ráð fyrir all mikilli viðbót við þessa aflþörf og ef við áætluð hana 60 % yrði aflþörfin:

$$15. \text{ júlí} - 2,14 \times 1,6 = 3,42 \text{ kw}$$

$$21. \text{ ágúst} - 1,83 \times 1,6 = 2,92 \text{ -}$$

Af þessu er ljóst, að aflþörfin er stíð mest þegar þurrkunin hefst, en minnkar síðan og er það því byrjunar-aflþörfin, sem ræður stærð hreyfilsins, séu ekki gerðar ráðstafanir til þess að minnka hana. Það er hægt að gera á tvennan hátt með hindrun í kerfinu eða breytilegum snúningshraða.

a. Hindrun í kerfinu.

Kostir þessarar aðferðar eru:

1. Notaður er einn snúningshraði, sem á að geta tryggt minnsta lofthraða í hvaða sumri sem er, en af því leiðir einfaldari skífur og festingu á hreyfli.

Sam galla á aðferðinni má telja:

1. Orkunotkunin er allmiklu meiri heldur en ef snúningshraðanum veri breytt.
2. Snúningshraðann verður að velja það háan, að minnsti lofthraði sé tryggður í erfiðustu sumrum. Það leiðir síðan af sér mikla þörf fyrir mótstöðu í kerfinu fyrri hluta þurrkunartímabilsins og stærri hreyfil.

b. Breytilegur snúningshraði:

Kostir:

1. Orkunotkunin verður lítil.
2. Stærð hreyfilsins getur verið minni en með aðferð b, sökum þess að hægt er að fíkra sig upp með snúningshraðann eftir því sem hækkar í hlöðunni.

Gallar:

1. Reimskífurnar eru dýrari og nokkur aukakostnaður við færanlega festingu hreyfilsins.

Hefði verið byrjað með snúningshraðann 850 sn/mín. hefði verið hægt að halda meiri meðalhraða en 8 fet/mín. fyrsta hálfu mánuðinn eða frá 15. júlí til 29. júlí.

Aflþörfin hefði orðið samkvæmt töflum + 60 %.

$$15. \text{ júlí} - 1,36 \times 1,6 = 2,18 \text{ kw}$$

$$29. \quad - \quad - 1,22 \times 1,6 = 1,96 \quad -$$

Hér munar miklu frá fyrri snúningshraða eða 1,24 kw og 0,96 kw. Reiknað í procentum verður mismunurinn á aflþörfinni við þessa tvo snúningshraða 76 % og 49 %, ef aflþörfin við 850 sn/mín. er lögð til grundvallar.

Mismunurinn á loftmagninu verður aftur á móti minni, eins og sést af eftirfarandi.

15. júlí:

$$\begin{aligned} q(990) &= 7150 \text{ CFM} \\ q(850) &= \underline{6100} \text{ "} \\ &1050 \text{ CFM} \quad 100 \times \frac{1050}{6100} = \underline{17,2 \%} \end{aligned}$$

29. júlí:

$$\begin{aligned} q(990) &= 5600 \text{ CFM} \\ q(850) &= \underline{4500} \text{ "} \\ &1100 \text{ CFM} \quad 100 \times \frac{1100}{4500} = \underline{24,5 \%} \end{aligned}$$

Ef snúningshraðinn 850 sn/mín hefur verið notaður í upphafi, verður að breyta honum eftir 29. júlí til þess að fara ekki niður fyrir 8 fet/mín. meðalhraða.

Ef stökkið væri upp í 990 sn/mín. þann 29. júlí, myndi aflþörfin verða:

$1,96 \times 1,6 = 3,14 \text{ kw}$ og yrði að miða hreyfilinn við það, einnig væri hægt að fara í fleiri þrepum með svölítið minni aflþörf.

SÚGÞURRKUNARMÆLINGAR

Hlíð í Garðshverfi

Hlíð 11. júlí 1952:

Aflþörf	4,81 kw
Loftmagn	11.200 CFM
Ps	sjá að neðan
np	825 sn/mín
kwst-mælir	2969 kwst

Hlaðan var tóm, en blásið var í tómt kerfið. Mældur var statískur þrýstingur (Ps) í aðalstökk eftir beygju, sjá riss, og mældist eftirfarandi:

Melistaður 1	Ps = 1 mm VS
" 2	" = 0 "
" 3	" = ½ "
" 4	" = 2 "
" 5	" = 3 "

Rör I mælir Ps í aðalstökk

Rör II mælir Ps undir hærri grindum

Rör III mælir Ps undir lægri grindum

Hlið 15. júlí 1952:

(1. mælingadagur)

Staða kwst-malis	3002 kwst
Rafmagnsnotkun milli mælinga	33 "
Aflþörf	2,36 kw
Loftmagn (meðaltal 2ja mælinga)	3370 CFM
Ps	7 mm VS
n_p	715 sn/mín
Stabbahæð	ca 1,2 m

Um morguninn var hirt ca 1 m lag í hlöðuna af hálfpurri tölu, nokkuð grófgerðri.

Mælirör var sett í heyið yfir mælistað II í ca 1,2 m hæð, (sjá teikningu).

Stetiskur þrýstingur mældist stíð hinn sami í mælistöðunum II og III og verður það hér eftir nefnd Ps.

Sökum gífurlegs yfirálags á rafmótornum, ef engar tálmanir voru í kerfinu, var loftmagnið takmarkað á þann hátt að segl var breitt fyrir innsogsop blásarans.

Hlið 22. júlí 1952:

(2. mælingadagur)

Staða kwst-malis	3313 kwst
Rafmagnsnotkun milli mælinga	311 "
Heildar rafmagnsnotkun	344 "
Aflþörf	2,2 kw
Loftmagn	2000 CFM
Ps	13 mm VS
PSI (mælt í hlöðu)	6 " "
PSI (" " blásarahúsi)	8 " "
Stabbahæð	ca 2,6 m
n_p	715 sn/mín

SSA 6-7 vindstig voru er mælingin fór fram, en þurrt veður.

PSI (í neðra mæliröri) var ýmist mældur með því að hafa þrýstimæliann í punkti x1 eða x2 og mældir mismunirnir oftast 2,5 - 3 mm VS en í hviðunum allt í 4-5 mm VS.

Hlíð 29. júlí 1952: Mæling I.

(3. mælingadagur)

Lokað fyrir innstreymisop að miklu leyti með segldúk.

Aflþörf	2,1 kw
Loftmagn	2320 CFM
Ps	15 mm VS
PSI	7 " "
Stæðing	(ca 4 m)
n_b	715 sn/mín

Mæling II.

Blásari full opinn og engin hindrun á kerfinu.

Aflþörf	3,1 kw
Loftmagn	4871 CFM
Ps	38 mm VS
PSI	18 " "
n_b	715 sn/mín

Mæling III.

Blásari full opinn en í útstreymisstokk hans var sett hindrun, sem takmarkaði loftmagnið og þar með álagið. Raunverulegur mótþrýstingur blásarans er því nokkru meiri en það sem hægt var að mæla eða Ps (sjá línaúrit XII).

Aflþörf	2,5 kw
Loftmagn	2710 CFM
Ps	17 mm VS
PSI	9 " "
n_b	715 sn/mín

Hlið 2. ágúst 1952:

(4. mælingadagur)

Aflestur kwst-mælis	3806 kwst
Rafmagnsnotkun frá 22. júlí	493 "
" " " byrjun	837 "
Aflþörf	2,45 kw
Loftmagn	2360 CFM
Ps	21 mm VS
PSI	12 " "
Stabbahæð	ca 4,5 m

Mótorinn var það heitur, að ekki varð haldið um kjarna hans nema stutta stund.

Veður var bjart og hæg hafræna.

Hlið 8. ágúst 1952:

(5. malingadagur)

Aflestur kvst-mælis	4177 kvst
Rafmagnsnotkun frá 2. ágúst	371 "
" " " byrjun	1208 "
Aflþörf	2,45 kw
